



Nefndasvið Alþingis
b.t. fjárlaganefndar
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 15. október 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2021, 1. mál, og tillaga til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2021-2025, 2. mál.

Fjárlaganefnd hefur óskað eftir umsögn Samtaka iðnaðarins (hér eftir „samtökin“ eða „SI“) um frumvarp til laga um fjárlög 2020, 1. mál, og tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2021-2025, 2. mál.

Ríkisfjármálin nýtt til að verja lífskjör og veita viðspyrnu fyrir nýtt hagvaxtarskeið

Samtök iðnaðarins lýsa ánægju sinni með helstu áherslur í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2021 og þingsályktun um fjármálaáætlun 2021-2025, sér í lagi þær fyrirætlanir stjórnvalda að nýta þau tækifæri sem góð staða ríkissjóðs gefur til að beita ríkisfjármálunum af fullum þunga til að verja lífskjör og veita viðspyrnu fyrir nýtt hagvaxtarskeið. Samtökin eru einnig ánægð með þær áherslur sem birtast í frumvarpinu á samkeppnishæfni og aukna framleiðni með áherslu á nýsköpun, innviði, menntun og starfsumhverfi fyrirtækja. Með því að beita ríkisfjármálunum af fullum þunga og með réttum áherslum er hægt að gera tímabil núverandi niðursveiflu eins stutt og mögulegt er og tryggja að hagkerfið rísi aftur upp með kröftugum hætti.

Það fellur í hlut stjórnvalda að móta þá atvinnustefnu sem miðar að almennum umbótum á rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja þar sem horft er til þeirra fjögurra málaflokka sem mestu varðar fyrir framleiðni og samkeppnishæfni. Þeir fjórir málaflokkar eru gott menntakerfi og mannauður; traustir innviðir; einfalt regluverk og hófleg gjaldtaka og að umgjörð og hvatar til nýsköpunar séu á alla vegu með því besta sem þekktist. Stjórnvöld hér á landi hafi unnið að umbótum í þessum málaflokkum á undanförunum árum. Nauðsynlegt er að halda áfram á sömu braut. Ef rétt er á málum haldið er að mati SI fram undan áratugur þar sem við uppskerum ávinninginn af þessari stefnu með því að festa fjórðu stöðina í sessi með tilheyrandi fjölgun verðmætra starfa, auknum útflutningi og aukinni verðmætasköpun, sem skilar sér í bættum lífgæðum landsmanna auk þess sem tekjur ríkissjóðs aukast og unnt er að greiða niður skuldir sem af núverandi ástandi munu óhjákvæmilega skapast.

Markmið ríkisstjórnarinnar um viðsnúning hallareksturs hins opinbera og um að koma böndum á skuldasöfnun sem birtist í fjármálaáætluninni er að mati samtakanna mjög mikilvægt. Í því verkefni er grundvallaratriði að styðja við og örva hagkerfið til aukinnar verðmætasköpunar og fjölgunar starfa. Innbyggð sveiflujöfnun ríkisfjármála mun þá draga verulega úr hallarekstrinum auk þess sem ekki verður lengur þörf fyrir þær tímabundnu aðgerðir sem gripið hefur verið til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru.



Ljóst er að efnahagslegar afleiðingar af faraldrinum verða miklar og langvarandi. Sú staða, ásamt því að óvissa ríkir um sjálfbæra gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins, gerir það að verkum að óumflýjanlegt er að skipta um kúrs. Skapa þarf skilyrði fyrir vöxt nýrra atvinnugreina ásamt því að bæta skilyrði fyrir rótgrónar greinar til frekari vaxtar og verðmætasköpunar. Samtök iðnaðarins hafa í því sambandi skorað á stjórnvöld að varða leið vaxtar með nýsköpun sem drifkraft. Þannig má að mati SI tryggja viðspyrnu og fjölga störfum sem leiðir okkur út úr núverandi efnahagsþrengingum og inn í nýtt, sjálfbært hagvaxtarskeið. Í þessu samhengi hafa SI kallað eftir atvinnustefnu stjórnvalda auk þess sem stjórnvöld verði virkari í því að sækja tækifæri.

Frumvarp til fjárlaga 2021 og þingsályktunin um fjármálaáætlun til næstu ára byggja á spá um nokkuð hraðan viðsnúning hagkerfisins. SI vilja í þessu sambandi annars vegar benda á að veruleg óvissa er um dýpt niðursveiflunnar og hversu lengi hún mun vara. Höfum við verið minnt á það undanfarið að faraldurinn getur varað lengur en væntingar voru um í fyrstu. Undirstrikar það að nýta beri vel þau tækifæri sem felast í góðri stöðu ríkissjóðs til að mæta áfallinu. Nýta þarf fjármunina vel og forgangsraða í þágu fjárfestingar og verðmætasköpunar. Leggja samtökin í því sambandi áherslu á að forgangsröðun ríkisfjármála verði áfram á ofangreinda málaflokka, þ.e. þætti sem skapa störf og verðmæti. Varðandi umræðu um mikilvægi þessara þátta vísa SI til skýrslna samtakanna um samkeppnishæfni og atvinnustefnu er komu út á árinu 2018 en þar er rætt um alla þá þætti er mestu varða um samkeppnishæfni Íslands til framtíðar. Skýr stefna, fumlauð framkvæmd og markviss eftirfylgni ríkisvaldsins á þessum sviðum leiðir til raunverulegra umbóta og leggur grunn að auknum lífsgæðum landsmanna.

Iðnaður lagði afar mikið af mörkum til endurreisnar á liðnum áratug eftir síðustu kreppu. Umfang iðnaðar er mikið. Eitt af hverjum fimm störfum er í iðnaði, íslenskur iðnaður skapar ríflega fimmtung landsframleiðslunnar með beinum hætti og 40% til útflutnings. Þriðjungur vaxtar eftir hrúnið 2008 átti sér stað í iðnaði. Íslenskur iðnaður lagði þannig meira til endurreisnarinnar heldur en stærð hans gaf til kynna og iðnaðurinn getur á enn kröftugri hátt verið drifkraftur viðspyrnu hagkerfisins nú. Til þess þurfa stjórnvöld og atvinnulíf að taka höndum saman og vinna hratt að uppbyggingu og bættum skilyrðum. Nýjar útflutningsgreinar og aukin verðmæti með nýsköpun í rótgrónum greinum þurfa að knýja vöxtinn til að viðhalda þeim lífsgæðum sem við höfum búið við.

Mikilvægt er að hafa langtímasýn að leiðarljósi við ákvörðunartöku í ríkisfjármálum. Verkefni næstu þriggja áratuga er að skapa 60 þúsund ný störf á Íslandi eða um 40 ný störf í hverri viku til að tryggja góð efnahagsleg lífsgæði landsmanna. Þetta er hægt en þá þurfum við öll að leggjast á eitt og ganga í takt. Bráðavandinn er það mikla atvinnuleysi sem er hér á landi. Mikið atvinnuleysi er samfélagsleg meinsemd og mikilvægt að ná því niður sem fyrst. Það er því aðkallandi að skapa störf en til þess þarf að búa fyrirtækjum rétt skilyrði til aukinnar verðmætasköpunar.

Nýsköpun er forsenda verðmætasköpunar og fjölgunar starfa

Framlög til nýsköpunar aukast umtalsvert á milli ára samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2021 og er það fagnaðarefni og rétt forgangsröðun að mati SI. Á sama tíma hefur verið skerpt á hlutverki ríkisins og er sú nálgun sem farið hefur verið hárrétt. Lögð er áhersla á að styrkja samkeppnissjóði og skattahvata, m.a. endurgreiðslur vegna rannsókna og þróunar, í stað þess að áhersla sé lögð á umsýslu og yfirbyggingu. SI styðja þær breytingar sem verða um áramótin í tengslum við að starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands verði hætt og ákveðnum verkefnum sem stofnunin sinni fundinn nýr farvegur og þau styrkt. Hækkun framlaga í Tækniþróunarsjóð er nauðsynleg, sérstaklega á tímum mikils atvinnuleysis, og hvetja SI fjárlaganefnd til að skoða enn frekari hækkun framlaga til sjóðsins.



Metaðsókn var í Tæknipróunarsjóð í ágúst 2020 en aðeins tæp 8% verkefna hlutu styrk úr sjóðnum. Fjölmörgum frambærilegum verkefnum var hafnað um styrk vegna þess að fjármagn var af skornum skammti. Það er skynsamleg nýting á skattfé að styrkja tæknipróun og nýsköpun hjá litlum fyrirtækjum því þannig verða til ný verðmæti og störf auk þess sem fjárfest er til framtíðar. Þetta á ekki síst við nú þegar atvinnuleysi er hátt og nauðsynlegt að verja og skapa störf.

SI hvetja Alþingi til að festa í sessi bráðabirgðaákvæði í lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nánar tiltekið hækkun á endurgreiðslupaki og hlutfalli endurgreiðslu vegna rannsókna og þróunar. Sú breyting gæti skipt sköpum varðandi ákvarðanatöku í atvinnulífi og hrint af stað stærri þróunarverkefnum. Þá er einnig hvatt til þess að ákvæði um heimild lífeyrissjóða til að fjárfesta í vísisjóðum sem hækkuð var úr 20% í 35% í vor verði gerð ótímabundin. Mun það styðja við markmiðin með Kríu fjárfestingasjóði.

Halda þarf áfram á þeirri braut að efla hvata og umgjörð nýsköpunar af fullum krafti og mikilvægt að forgangsraða því verkefni. SI hafa lagt fram fjölmargar tillögur í þeim efnunum og eru ávallt reiðubúin í samtal um hvað mætti betur fara til að styðja við markmið um nýsköpunardrifið hagkerfi til framtíðar.

Stóraukin áhersla á stafræna þróun hjá hinu opinbera er einnig jákvætt og tímabært skref og endurspeglast það í fjárlögum. Þessu fagna SI enda mun stafræn bylting ríkisins hafa jákvæð áhrif, fela í sér hagræðingu til skemmri og lengri tíma og auka skilvirkni sem getur skilað aukinni samkeppnishæfni. Þarna er fjármunum því vel varið og vilja SI hrósa stjórnvöldum fyrir þessar áherslur.

Fjárfesting í innviðum er fjárfesting í hagvexti framtíðar

Mjög sterk rök eru fyrir því að ráðast í umfangsmiklar innviðaframkvæmdir við þær aðstæður sem nú eru uppi í íslensku hagkerfi. Fjölmörg ríki heims hafa farið þá leið að mæta efnahagslegum afleiðingum faraldursins með innviðaupbyggingu. Alþjóðastofnanir hafa einnig hvatt til þess. Þannig lagði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn nýlega til að ríki heims mættu efnahagslegum áhrifum kórónuveirunnar með fjárfestingum á þessu sviði. Sagði sjóðurinn m.a. að slíkar fjárfestingar væru góðar til að örva hagvöxt og undirbúa hagkerfið fyrir framtíðina. Benti hann á að lágir vextir nú sköpuðu kjöraðstæður til að fara í auknar innviðaframkvæmdir. Sagði hann að tækifærið væri kjörið sérstaklega fyrir ríki með lága skuldastöðu.

Fjárfestingar í innviðum skapa mótvægi við efnahagslæggðina - skapa innlend störf og verðmæti. Margfaldrar innviðaframkvæmda eru í því ljósi háir þ.e. aukin fjárfraðslög til þessa þátta hafa mikil áhrif á innlenda eftirspurn og vinnumarkað. Eru margföldunaráhrif þessa mest í efnahagslæggð. Auk þessa er hagkvæmt að fara í innviðaframkvæmdir við þessar aðstæður þ.e. kostnaður er lægri og aðgengi að framleiðsluþáttum, s.s. vinnuafli, betra.

Auknar fjárfestingar hins opinbera í efnislegum innviðum landsins ásamt átakinu Allir vinna hafa nú þegar varið fjölmörg störf og stuðlað að tímabærri uppbyggingu og viðhaldi innviða sem er fjárfesting í hagvexti framtíðar. Þrátt fyrir átak á þessu sviði undanfarin misseri er uppsöfnuð viðhaldspörf enn umtalsverð enda hafði innviðakerfinu ekki verið sinnt sem skyldi lengi eftir efnahagsáfallið árið 2008. SI fagna því að átakið Allir vinna hafi verið framlengt út árið 2021. Þegar líður á næsta ár þarf að meta hvort þurfi að framlengja átakið enn frekar.



Minnt er á að eftir síðasta efnahagsáfall var sambærilegt átak við lýði í um fimm ár eða frá mars 2009 og út árið 2014.

Fjöldi þjóðhagslega arðsamra og aðkallandi verkefna eru fullhönnuð og bíða þess eins að verða sett í gang. Til að flýta þessum verkefnum enn frekar þarf að opna fyrir þátttöku einkafjárfesta, til að mynda lífeyrissjóðanna, inn í arðbærar innviðaframkvæmdir og koma því handbæra lausafé sem nú liggur inn á lágvaxta reikningum í vinnu, öllum hlutaðeigandi til heilla. Með forgangsröðun fjármuna og fjárfestinga hefur ríkið mikið um það að segja hvað vex og dafnar. Í því sambandi skiptir framlag ríkisins til lagningar á fjarskiptasæstreng til Írlands miklu máli fyrir samkeppnishæfni Íslands til framtíðar lítið. Auk þess að varða öryggi landsins þá geta ný tækifæri myndast iðnaði með tilheyrandi verðmætasköpun.

Fjárfesting í dag er hagvöxtur á morgun. Fjárfesting í innviðum, s.s. í höfnum, flugvöllum, vegum og brúm, eykur afkastagetu í gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins. Með fjárfestingum í innviðum er búinn til grunnur aukinna tekna ríkissjóðs og leiðir til þess að ná jöfnuði að nýju í ríkisfjármálum. Fjárfesting á þessu sviði sparar einnig kostnað, slær á atvinnuleysi og dregur úr sóuðum tíma í töfum fyrir heimili og fyrirtæki. Aukin framleiðni skilar sér síðan í lægri vöxtum og enn minna atvinnuleysi. Síðast en ekki síst er fjárfesting í innviðum til þess fallin að auka öryggi - draga úr slysum og bjarga mannlífum.

Í ljósi þeirra fjölmörgu sterku raka sem eru fyrir fjárfestingum í innviðum fagna SI sérstaklega því fjárfestingarátaki stjórnvalda sem birtist í frumvarpi til fjárlaga og þingsályktun til fjármálaáætlunar. Gæta þarf að því í að ekki myndist viðlíka ástand og hefur verið á síðustu árum þar sem litlum fjármunum hefur verið varið í fjárfestingar og viðhald á þessu sviði. Í því sambandi lýsa SI áhyggjum af því sem fram kemur í fjármálaáætluninni að hlutdeild fjárfestinga hins opinbera af landsframleiðslu muni lækka á næstu árum. Mikilvægt er að tryggja að svo verði ekki.

Öflugt menntakerfi mikilvæg forsenda kröftugar viðspyrnu

Samtök iðnaðarins taka heilshugar undir helstu áherslur í menntamálum sem fram koma í frumvarpi til fjárlaga 2021 og þingsályktun um fjármálaáætlun 2021-2025, enda hafa þær verið í forgrunni hjá samtökunum og nú síðast í menntastefnu þeirra frá haustinu 2018. Mikilvægt er að íslenskt menntakerfi verði vel í stakk búið til að takast á við þann breytta veruleika sem nú blasir við. Fyrirsjáanlegar breytingar eru að eiga sér stað, bæði samfélagslegar og hnattrænar, en einnig ófyrirsjáanlegar breytingar á borð við þær áskoranir sem kórónuveiran hefur í för með sér.

Hvað iðnað varðar og framtíðarsýn um fjórðu stoðina er einkum tvennt sem þarf að bæta úr þegar kemur að menntakerfinu. Annars vegar þarf fleiri iðnmenntaða á vinnumarkað og hins vegar fleiri sem útskrifast úr tæknigreinum (raunvísindi, tæknináms, verkfræði og stærðfræði, e. STEM). SI fagna sérstaklega áherslum ráðherra málaflokksins á þessi mál sem endurspeglast í frumvarpi til fjárlaga og fjármálaáætlun.

Samtökin fagna fyrirhugaðri útgjaldaaukningu til mennta- og menningarmála eins og fram kemur í frumvarpinu og þingsályktuninni, en þar á meðal eru aukin framlög í tengslum við mótvægisáðgerðir stjórnvalda vegna veirufaraldursins. Afar mikilvægt er að hlúa vel að menntuninni í þeim miklu efnahagsþrengingum sem hagkerfið tekst nú á við og treysta stoðir ólíkra menntastofnana.



Þá sérstaklega starfs- og tæknimenntaskóla með allan sinn fjölbreytileika, því annars er hætt við að brottfall aukist og að við stöndum uppi með talsverðan fjölda ungmenna sem hvorki stundar nám né vinnu. Það mun án efa reynast þjóðarþínu dýrara þegar upp er staðið en téð útgjaldaaukning. Fyrir utan þá félagslegu einangrun sem ungmenni í þessari stöðu eiga á hættu. Við treystum einnig m.a. á framhaldsskólana að taka á móti atvinnuleitendum, sem þurfa á þjálfun að halda til nýrra starfa á vinnumarkaði sem gera kröfur um þróun starfsnáms og öflugra samstarf stjórnvalda, skóla og atvinnulífs. Með öflugu menntakerfi má varðveita og efla þann mannauð sem best til nýrra verka við þær krefjandi aðstæður sem nú eru uppi í íslensku hagkerfi.

Samtök iðnaðarins fagna tímabærri áherslu stjórnvalda á iðnnám en samhent átak virðist vera að skila sér í aukinni aðsókn í iðnnám. Lágt hlutfall brautskráðra á háskólastigi í STEM greinum dregur úr nýsköpun og þarf að bæta þar úr með markvissum aðgerðum eigi að byggja upp nýja efnahagsstöð.

Samtök iðnaðarins fagna því að framlög til mennta- og menningarmála aukist um tæpa 6 ma.kr. á árinu 2021 samkvæmt fjárlagafrumvarpi ársins 2021 og þá ekki síst aukafjárframlagi upp á 1 ma.kr. sem verja skal til háskólastigsins í samræmi við stefnumörkun um að Ísland nái meðaltali OECD um fjármögnun háskólastigsins. Standa vonir til að fjárhagslegir hvatar verði nýttir til að auka hlutfall brautskráðra í svokölluðum STEM fögum, en það er 20% á Íslandi en yfir 25% að meðaltali í löndum OECD. Gera verður betur, að þessu leyti, en að öðrum kosti getur reynst erfitt að fjölga stöðum í gjaldeyrissköpun þjóðarinnar en sú staðreynd að hlutfallslega færri útskrifast úr STEM greinum á háskólastigi hér á landi miðað við önnur ríki dregur Ísland niður á alþjóðlegum listum yfir nýsköpun.

Í málaflokki framhaldsskóla heldur samstarf Samtaka iðnaðarins, menntamálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga áfram en skrifað var undir samstarfssamning þann 25. febrúar s.l. Unnið verður að samstilltum aðgerðum um meiri kynningu á starfs- og tækninámi, náms- og starfsráðgjöf og framkvæmd kennslu í verk-, tækni- og listgreinum í grunnskóla, auk þess sem lagðar verða til nauðsynlegar kerfisbreytingar til að einfalda og bæta umhverfi starfs- og tæknináms. Í þessu samhengi leggja Samtök iðnaðarins áherslu á að notkun rafrænna ferilbóka verði færð í lög en einnig þarf að efla vinnustaðanámsjóð til að auðvelda nemendum í starfs- og tækninámi að ljúka tilskildu námi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla, koma til móts við kostnað fyrirtækja og stofnana af vinnustaðanámi og auðvelda fyrirtækjum og stofnunum að taka nemendur á námssamning.

Samtökin fagna viðbótarframlagi til vinnumarkaðsúrræða og má þar sérstaklega nefna verkefnið Nám er tækifæri, þar sem megin áhersla er lögð á að beina einstaklingum í starfs- og tækninám. Þetta er í samræmi við áherslur sem koma fram í tillögu til þingsályktunar um menntastefnu Íslands til ársins 2030, þar sem stjórnvöld hafa sett sér metnaðarfull markmið um fjölgun starfsnámsnema á næstu árum.

Tryggja þarf samkeppnishæft starfsumhverfi fyrirtækja

Mikilvægt er við þessar aðstæður að leitað sé allra leiða til þess að gera starfsumhverfi fyrirtækja jafn samkeppnishæft og möguleiki er á. Skapa þarf umhverfi sem einkennist af hagkvæmni, skilvirkni og stöðugleika.



Með sterkri stöðu á þessum sviðum má auka verðmætasköpun fyrirtækja hér á landi í erlendri samkeppni, auka gjaldeyristekjur þjóðarbúsins og fjölga störfum. Með samkeppnishæfu starfsumhverfi má skapa grundvöll fyrir nýju hagvaxtarskeiði.

Hagkvæmni er einn af lykilþáttum samkeppnishæfs starfsumhverfis. Mikilvægt er í því sambandi að ríkið lágmarki álögur á fyrirtæki og að skattkerfið styðji við virka samkeppni. Hratt vaxandi skuldir ríkissjóðs um þessar mundir er umhugsunarefni í þessu ljósi. Mikilvægt er að skapaður sé grundvöllur kröftugs viðsnúnings hagkerfisins til þess m.a. að skuldasöfnun ríkissjóðs verði stöðvuð. Án slíks viðsnúnings eru líkur á því að skuldirnar reynist dragbítur á framtíðarhagvöxt.

Í því sambandi er ánægjulegt að ríkisstjórnin hafi ákveðið að lækka tryggingagjaldið sem lið í að stuðla að efnahagslegum stöðugleika í tengslum við Lífskjarasamninginn. Um er að ræða tímabundna ráðstöfun sem gildir í eitt ár eða til ársloka 2021. Leggja SI áherslu á mikilvægi þess að lækka gjaldið til lengri tíma. Tryggingagjaldið leggst á launagreiðslur. Lækkun gjaldsins myndi auka svigrúm fyrirtækja og auðvelda þeim að sporna gegn fækkun starfsfólks í niðursveiflunni. Frekari lækkun tryggingagjaldsins er því nauðsynleg aðgerð fyrir íslenskan vinnumarkað.

Skilvirkni er annar mikilvægur þáttur samkeppnishæfs starfsumhverfis. Í því sambandi vilja SI benda á að umsvif ríkisins á samkeppnismörkuðum hafa aukist undanfarin ár og eru að mati samtakanna óásættanleg þar sem þau draga kraft úr atvinnulífinu. Mikilvægt er að dregið sé úr umsvifum hins opinbera á samkeppnismarkaði. Skref tekin í þá átt að draga úr þeim umsvifum eru mikilvæg og fagna samtökin þeim skrefum sem fyrirhugað er að taka á næstu mánuðum með því að draga úr samkeppnisrekstri hins opinbera á sviði prófana og mælinga. Samtökin leggja þó áherslu á að gengið sé lengra, gerð sé heildstæð greining á samkeppnisrekstri stjórnvalda og metið séu í hverju tilviki hvort þörf sé á slíkum rekstri og þá hvort þess sé gætt að full aðgreining sé á milli opinbers rekstrar og samkeppnisrekstrar.

Stöðugleiki er þriðji lykilþáttur samkeppnishæfs starfsumhverfis. Í því sambandi er mikilvægt að hagstjórnartækjum opinberra fjármála og peningamála sé beitt í takt og af fullum þunga við þessar aðstæður til að milda niðursveifluna og skapa kröftuga viðspyrnu. Samspil ríkisfjármála og peningamála hefur verið gott undanfarið og mikilvægt að það haldi áfram. Staða beggja þessara hagstjórnartækja var venju fremur góð við upphaf niðursveiflunnar og þegar kórónaveiran skall á. Ríkisskuldir voru lægri en í flestum öðrum ríkjum, stýrivextir hærri en víðast hvar og verðbólga ásamt verðbólguvæntingum við markmið peningastefnunnar. Tækjunum hefur því verið hægt að beita í meiri mæli hér á landi en í mörgum öðrum ríkjum. Hins vegar er ljóst að þessum tækjum eru takmörk sett og undirstrikar það mikilvægi forgangsröðunar í þágu atvinnu- og verðmætasköpunar þjóðarbúsins.

Tillögur að umhverfissköttum verði endurskoðaðar og betrubættar

Auknar álögur á atvinnulífið í formi vörugjalda, sér í lagi olíugjalds og kolefnisgjalds, hafa verið gífurlegar undanfarin ár og í fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi er líkt og áður umfjöllun um kolefnisgjald. Kemur fram á bls. 88 að sú áhersla sem ríkisstjórnin hefur lagt á umhverfisvernd og á að takmarka kolefnislosun endurspeglast í endurskoðun einstakra skatta. Þar segir enn fremur að kolefnisgjald hefur hækkað markvert á kjörtímabilinu og lagður hefur verið skattur á losun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda en um leið gefinn eftir virðisaukaskattur af kaupum á vistvænum ökutækjum, hjólum og heimahleðslustöðvum.



Þá segir á bls. 102 að í forsendum tekjuáætlunarinnar er gert ráð fyrir að kolefnisgjald hækki til móts við niðurfellingu flutningsjöfnunargjalds sem lagt er á olíuvörur. Loks er á bls. 142 umfjöllun um breytingar á einstökum lögum þar sem nefnd eru sérstaklega lög um umhverfis- og auðlindaskatta, nr. 129/2009, þar sem fram kemur að lagt verður til að fjárhæðir kolefnisgjalds verði hækkaðar um 2,5% til samræmis við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2021.

Að gefnu tilefni benda SI á að aðgerðir er varða kolefnisgjald sérstaklega leggjast samtökin almennt ekki gegn hækkun kolefnisgjalds á eldsneyti í almennum samgöngum á landi en benda á að hækkun kolefnisgjaldsins kemur hins vegar illa við fyrirtæki í alþjóðlegri samkeppni. Hækkunin skerðir verulega samkeppnishæfni þeirra gagnvart keppinautum í nálægum löndum sem ekki þurfa að standa undir sambærilegum gjöldum. Með álagningu kolefnisgjalda af ýmsum toga þá er, eins og áður segir, sú hætta til staðar að verið sé að hygla fyrirtækjum utan þeirra ríkja sem ekki greiða nein slík gjöld en eru að jafnaði með mun óhagstæðara kolefnisfótspor. Til marks um það má nefna að álframleiðsla í Kína er að uppistöðu til knúin með kolum og losar því tífalt meira en álframleiðsla hér á landi. Álframleiðsla í Kína ber hins vegar engin teljandi kolefnisgjöld og nýtur að auki verulegs ríkisstuðnings eins og raunar álframleiðsla víðast hvar í heiminum utan Íslands, samkvæmt skýrslu OECD frá því fyrr á þessu ári. Eftir að viðskiptastríð skall á milli Kína og Bandaríkjanna streymir ál frá Kína í vaxandi mæli til Evrópu og njóta kínverskir álframleiðendur þess að þurfa að ekki að bera kostnað af sinni losun.

Ítreka samtökin að loftslagsvandinn er hnattrænn í eðli sínu en ekki staðbundinn. Ef raunverulegur árangur á að nást þá þurfa allir að sitja við sama borð. Það gerir aðeins illt verra að hrekja gjaldskylda framleiðslu, m.a. vegna kolefnisgjalda sem lögð hafa verið á framleiðslu áls og raforku, frá t.a.m. Evrópu til Kína, Indlands eða Mið-Austurlanda þar sem losunin er margfalt meiri. Mikilvægt er að aðgerðir stjórnvalda taki mið af þessum raunveruleika og metnir verði kostir og gallar þess kerfis sem nú er við lýði sem og þeirra tillagna sem fram koma í fyrirbyggjandi frumvarpi.

Líkt og í umsögnum SI um fyrri fjárlög vekja samtökin athygli á að mörg fyrirtæki vinna nú hörðum höndum að því að draga úr losun og leita nýrra leiða til að ná þeim markmiðum með því að skoða og innleiða aðra orkugjafa. Vilja félagsmenn samtakanna vinna að jákvæðri þróun í þessum efnunum. Samtökin benda hins vegar á að þó tækniframþróun sé hröð í þessum efnunum er það ekki svo að hægt sé að fá stærri ökutæki, vinnuvélar og sum iðnaðartæki þannig að þau nýti endurnýjanlega orkugjafa. Orkuskipti er því ekki raunhæfur kostur sem stendur, sér í lagi fyrir iðnað og atvinnutæki sem nota svokallaða litaða olíu og möguleikar slíkra aðila til orkuskipta eru að óbreyttu hverfandi. Auknar álögur á atvinnulífið og hvatar sem fyrirtæki hafa ekki möguleika á að fylgja eftir eru í andstöðu við það markmið ríkisstjórnarinnar að auka samkeppnishæfni Íslands.

Í fyrirbyggjandi frumvarpi til fjárlaga er getið styrkja hins opinbera til grænna fjárfestinga og nýsköpun í umhverfisvænum lausnum, t.a.m. á bls. 87-88 og 115. Fagna samtökin þeirri áherslu stjórnvalda að fjárfesta í slíkum verkefnum og nýsköpun á þessu sviði. Eftir sem áður telja SI mikilvægt að taka til skoðunar fjármögnun og starfsemi Loftslagssjóðs í þeim efnunum og er mikilvægt að tryggja að sjóðurinn verði fjármagnaður í samræmi við þau gjöld sem fyrirtæki hér á landi eru að leggja inn í ETS kerfið. Verði sjóðnum ekki tryggt slíkt fjármagn sem hann á réttilega inni er ljóst að markmið hans munu ekki nást. Þá er þetta bara eins og hver önnur skattheimta, nema hún vinnur í raun gegn markmiðum um árangur í loftslagsmálum því álögurnar grafa undan samkeppnishæfni iðnaðar sem notar 100% endurnýjanlega orku.



Benda SI á að þegar löggin um loftslagsmál voru sett árið 2012 var gert ráð fyrir að framlög í sjóðinn væru tengd tekjum ríkisins af uppboðum á losunarheimildum innan viðskiptakerfis ESB. Þessu ákvæði var breytt árið 2014 og tekjur sjóðsins eiga að vera ákvarðaðar með fjárveitingum í fjárlögum ár hvert. Samtökin telja að jafngildi tekna ríkisins af viðskiptakerfi ESB ættu að renna í loftslagssjóð, eins og tíðkast víðast hvar í Evrópu. Sem dæmi er gert ráð fyrir tekjum upp á einn milljarð króna í fjárlögum árið 2020 af sölu á heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda. Gera má ráð fyrir að þær tekjur ríkisins muni halda áfram að aukast, þar sem verð á losunarheimildum hefur hækkað verulega undanfarin ár. Aðrar tekjur ríkisins, t.d. vegna gjalda á kolefnislosun eða viðbótarfjárveiting í fjárlögum, gætu einnig runnið í sjóðinn.

Að lokum hvetja SI stjórnvöld til að horfa til og nýta reynslu nágrannaríkja okkar er viðkemur styrkjum hins opinbera og framlaga til innleiðingar og nýsköpunar á sviði grænnar tækni og umhverfisvænna lausna. Má í því samhengi horfa til framkvæmdar í Noregi, nánar tiltekið Enova-sjóðsins sem starfræktur er af þarlandum stjórnvöldum með það að markmiði að koma á umhverfisvænum breytingum í norsku samfélagi (<https://www.enova.no/about-enova/>). Mikilvægt er því, að mati samtakanna, að hugmyndir að útfærslu umhverfisskatta og ráðstöfun þeirra tekna verði betrubættar að teknu tilliti til framanritaðs.

SI mótmæla hækkun krónutölugjalda

SI gagnrýna áform hins opinbera um hækkun krónutölugjalda á olúgjaldi, bensíngjaldi, kílómetragjaldi, bifreiðagjaldi og áfengis- og tóbaksgjaldi. Síðustu ár hafa þessi gjöld hækkað árlega um 2,5% sem hefur komið mjög niður á íslenskum framleiðendum og neytendum. Í þessu samhengi vilja samtökin þá minna á eitt meginmarkmið lífshagsamninganna um stöðugt verðlag og varðveislu kaupmáttar fyrir almenning í landinu. Rekstrarumhverfi fyrirtækja versnar einnig með auknum álögum sem kemur niður á samkeppnishæfni þeirra. Til að auka samkeppnishæfni fyrirtækja eða hið minnsta draga ekki úr henni er mikilvægt að halda aftur af hækkunum á sköttum og gjöldum nú þegar við siglum inn í samdráttarskeið. Langstærstur hluti íslenskra fyrirtækja hefur glímt og glímir enn við efnahagslegar afleiðingar af völdum COVID. Á meðan hið opinbera hefur verið að styðja við íslensku atvinnulíf, með einum eða öðrum hætti, að mæta þessum afleiðingum þá skýtur það skökku að á hinn bóginn sé hið opinbera að leggja auknar álögur á fyrirtækin. Stjórnvöld ættu öðru fremur að draga úr hömlum og álögum á þessum tímamarki til að styrkja íslenskt atvinnulíf sem skilar sér síðan í aukinni hagsæld. Leggja samtökin því til að hækkun áður nefndra gjalda verði dregin til baka.

Virðingarfyllst,

Ingólfur Bender,
aðalhogfræðingur SI

Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri SI